



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
urn@urn.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um breytingu á reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003, mál nr. S-14/2025

1. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) taka undir markmið fyrirhugaðra breytinga um að draga úr urðun úrgangs og stuðla að hringrásarhagkerfi. SI hafa í fyrri umsögnum, m.a. í sameiginlegum umsögnum um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs frá 2019 og innleiðingu hringrásarhagkerfisins 2021, lagt áherslu á nauðsyn samkeppnishæfra aðgerða sem stuðla að minni úrgangsmyndun án þess að skapa óhóflega íþyngjandi regluverk fyrir fyrirtæki.

Við breytingu á regluverki í úrgangsmálum er mikilvægt að gæta jafnvægis milli umhverfisverndar og efnahagslegra hvata. Við innleiðingu nýrra reglna verður að forðast alla gullhúðun, þ.e. að ganga lengra en krafist er í regluverki ESB, nema rökstuðningur fyrir því sé skýr, hagsmunaaðilar séu hafðir með í ráðum og sýnilegur ávinningur af slíkum ráðstöfunum.

2. Helstu athugasemdir við breytingarnar

2.1 Áhrif orðalagsbreytinga – „besta fáanlega tækni“ eða „besta aðgengilega tækni“

Í breytingunum er gerð breyting á hugtakinu „besta fáanlega tækni“ (BREF – Best Available Techniques Reference Documents) yfir í „besta aðgengilega tækni“. Breytingin sem nú er færð inn í reglugerð var færð í lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með lögum nr. 103/2021 (hringrásarhagkerfi). Þessi skilgreiningabreyting hefur verulegar afleiðingar fyrir atvinnurekstur þar sem „aðgengileg tækni“ tekur til efnahagslegs raunhæfis í stærra samhengi en „fáanleg tækni“ getur kallað á tafarlausa innleiðingu nýjasta búnaðar án tillits til kostnaðar.

Samt sem áður er sú skilgreining sem liggur fyrir í umræddum drögum að breytingum á reglugerð um urðun úrgangs ekki samhljóða skilgreiningu laganna. Slíkt misræmi milli reglugerðar og laga er slæmt, sér í lagi þar sem þessi breyting á lögnum gengur nú þegar lengra en tilskipun Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 gerir áskilnað um. Í skilgreiningu reglugerðarinnar hefur t.a.m. verið bætt setningunni: „óháð því hvort þessi tækni er notuð eða þróuð í hlutaðeigandi aðildarríki“ til skýringar á því hvort tækni telst „aðgengileg“. Landfræðilega landsins getur reynst fyrstaða þegar kemur að innleiðingu á nýrri tækni og skýtur skökku við að eyríki kjósi að ganga lengra í þessum efnum en meginlandsríki Evrópusambandsins.

Samtökin eru því uggandi yfir því að fyrirtæki gætu þurft að fjárfesta í dýrari tækni en ella, jafnvel þótt sú tækni væri efnahagslega óhagkvæm fyrir reksturinn. Þá kunna breytingarnar að



hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja gagnvart evrópskum samkeppnisaðilum sem þurfa einungis að uppfylla áskilnað um „bestu fánlegu tækni“ eins og lagt er upp með í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins.

Gæta verður þess að skilgreiningar og orðskýringar í reglugerðinni hafi ekki í för með sér strangari kröfur en fyrir eru í lögunum, enda hafa nú þegar verið innleiddar strangari kröfur til úrgangsmála hér á landi en áskilið er í innleiðingu tilskipunar (ESB) 2018/850.

2.2. Gullhúðun

Reglugerðarbreytingin fylgir á eftir breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs og er þeim ætlað að innleiða skilyrði tilskipunar (ESB) 2018/850. Hins vegar er ýmsum ákvæðum bætt við eða þau hert, sem samtökin telja ganga lengra en tilskipunin gerir kröfu um.

Reglurnar um hvaða úrgang má urða eru strangari en í ESB-tilskipuninni. Þetta getur aukið kostnað fyrir fyrirtæki sem þurfa að flytja úrgang úr landi eða greiða hærri gjöld fyrir annars lögmæta urðun að ógleymdum fjárfestingum í búnaði til nákvæmari flokkunar og endurvinnslu en tilskipunin kveður á um. Þá kann þrengri skilgreining á endurnýtingu úrgangs en í tilskipuninni að leiða til þess að fyrirtæki þurfi að greiða meira fyrir meðhöndlun úrgangs, jafnvel þótt betri lausnir séu tiltækar. Þar að auki hefur Ísland ekki nýtt heimildir sem í boði eru til frestunar á gildistöku ákveðinna markmiða en þá hefur einnig tekið í gildi takmörkun á urðun alls úrgangs sem hentar til endurvinnslu þó svo að tilskipunin veiti ríkjum svigrúm til ársins 2030 til fullrar aðlögunar.

Á fyrri stigum var kallað eftir kostnaðarmati af breytingunum og innleiðingu tilskipunarinnar en eina sem fram hefur komið er að breytingarnar muni hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir atvinnurekendur. Skortir því bæði á nægan rökstuðning fyrir hraðari og þrengri innleiðingu en efni stóðu til sem og afleiðingum þess fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs hér á landi.

2.3. Skortur á innviðum

Í fyrri umsögnum SI hefur verið bent á að skortur á innviðum til endurvinnslu og endurnýtingar á Íslandi veldur því að fyrirtæki standa oft frammi fyrir fáum valkostum og verður því að gæta varfærni við að herða kröfur um of.

Þyngri kröfur um flokkun og endurvinnslu krefjast t.d. fjárfestinga sem ekki eru studdar með sérstökum hvötum og koma því niður á fyrirtækjum sem hafa fárra eða engra kosta vöð. Án innviða til endurvinnslu ná hertar kröfur ekki áhrifum sem skyldi. Sé afleiðingin sú að fyrirtæki neyðist til að flytja úrgang úr landi vegna þröngra skilyrða um endurvinnslu er vandséð að sú skipan mála stuðli að markmiðum hringrásarhagkerfisins.

3. Lokaorð

Eins og áður segir styðja samtökin við markmið stjórnvalda um hringrásarhagkerfi. Eins og málum er háttað virðist innleiðing Evrópuregluverks um hringrásarhagkerfi og úrgangsmál hafa verið afar brött þar sem heimildir til frestunar innleiðingar og heimildir til aðlögunar hafa ekki



verið nýttar en að auki virðast íslensk stjórnvöld ganga í við lengra en Evrópusambandið í markmiðssetningum sínum.

Þessi atriði geta reynst atvinnulífinu afar íþyngjandi og haft töluverðan kostnað og óhagræði í för með sér, sem dregur úr samkeppnishæfni þeirra. Miður er að sjá málum svo hátt að þegar fulltrúar atvinnulífsins hafa meðal annars kallað eftir kostnaðargreiningu og áhrifamati svo áhrif breytinganna séu fyrirsjáanleg. Þá væri hægt að nýta slíkar upplýsingar til að mynda hvata til framþróunar úrgangsmála og stuðla að ávinningi til lengri tíma litið.

Að því sögðu eru samtökin reiðubúin til frekara samtals og samráðs um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Helgi Birgisson', written over a horizontal line.

Sigurður Helgi Birgisson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði